


A stylized map of Iceland is depicted on a light beige background. The map features several blue lines representing rivers, which are thicker in some areas and thinner in others. Numerous small red dots are scattered across the map, primarily along the river courses and in the central and eastern regions. The title 'Þjóðsögur' is written in a large, blue, serif font, centered on the map. Below it, the subtitle 'og sagnir frá Fáskrúðsfirði' is written in a smaller, italicized, blue, serif font. In the bottom left corner, the text 'Albert Eiríksson tók saman 2004' is written in a small, blue, sans-serif font.

# Þjóðsögur

*og sagnir frá Fáskrúðsfirði*

Albert Eiríksson tók saman 2004

# Efnisyfirlit

|                                                   |    |
|---------------------------------------------------|----|
| Efnisyfirlit .....                                | 2  |
| Kolfreyja og sr. Sigurður .....                   | 3  |
| Kolfreyja á Kolfreyjustað .....                   | 3  |
| Skessan í Spararfjalli .....                      | 5  |
| Tröllskessan Spör .....                           | 6  |
| Um Vött og Kolfreyju .....                        | 6  |
| Frá Vetti og Skrúðsbónda .....                    | 8  |
| Krumur, Vöttur, Vémundur og Kolfreyja .....       | 9  |
| Skrúðsbóndinn .....                               | 9  |
| Tröllið í Fáskrúð og prestsdóttirin .....         | 11 |
| Tröllið í Skrúðnum .....                          | 12 |
| Enn um Skrúðsbónda .....                          | 13 |
| Skrúðsbóndinn .....                               | 13 |
| Draumur í Skrúð .....                             | 13 |
| Úr Sóknarlýsingu Kolfreyjustaðarsóknar 1845 ..... | 14 |
| Karlinn á selnum .....                            | 14 |
| Hafvættur í Vattarnesi .....                      | 15 |
| Frá Jóni á Berunesi .....                         | 16 |
| Íma og Jón á Berunesi .....                       | 17 |
| Jón skáldi í Berunesi .....                       | 18 |
| Þorsteinn í Berunesi og skrímslið .....           | 21 |
| Hjónin á Örnólfsskarði .....                      | 23 |
| Gvöndarsteinn og Gvöndarkirkja .....              | 23 |
| Kerlingarfótur .....                              | 24 |
| Skessuhurð .....                                  | 24 |
| Árvíkur-Blesi .....                               | 25 |
| Sjávardýr veldur usla í Aragerði .....            | 25 |
| Áflog bónda og sels .....                         | 26 |
| Sæskrímsli í Víkurgerði .....                     | 27 |
| Víkurskotta .....                                 | 27 |
| „Það eru ekki ævinlega páskar í Vík” .....        | 28 |
| Urðarkettir .....                                 | 28 |
| Skála-Brandur .....                               | 29 |
| Stjáni í Nesinu og Skála-Brandur .....            | 30 |
| Hafmaður frosinn niður á ís .....                 | 30 |
| Snæland .....                                     | 31 |
| Naddoddur .....                                   | 31 |
| Taumur .....                                      | 31 |
| Skútan Karatlin .....                             | 32 |

Undanfarin ár hef ég tekið saman þjóðsögur og sagnir sem tengjast Fáskrúðsfirði. Sumar þeirra má finna á prenti á fleiri en einum stað, var þá farin sú leið að velja sögur skráðar af sem flestum. Varla er hægt að segja að ein útgáfa sé réttari en önnur. Orðalagi og rithætti er hvergi breytt. Ekki eru alltaf skýr skil, hvenær saga verður þjóðsaga né hvenær munnmælasaga fær aukna vegsemd.

En ef þið vitið um fleiri sögur en hér eru, eða hafið heyrt aðrar útgáfur af þessum sögum, bið ég ykkur endilega að setja ykkur í samband við mig, því án efa til fleiri sögur sem eiga heima í hefti sem þessu.

Fjölmargir hafa lagt hönd á plóg, lesið yfir og gefið góð ráð. Öllu þessu fólki kann ég hinar bestu þakkir.

*Á Frönskum dögum 2004, Albert Eiríksson*

## KOLFREYJA OG SR. SIGURÐUR

Mælt er að Kolfreyja hafi lifað fram yfir kristnitöku, en henni var lítt gefið um þann sið, svo að hún á að hafa tryllst, og gengið í Spararfjallið og hafst þar við lengi. Kirkja var reist á Kolfreyjustað og prestur fengnir þangað, féll henni það eigi betur. Lagðist hún því að þeim og grandaði þeim einum eftir annan á þann hátt, að hún tók þá og fleygði þeim í gjá þá, sem síðan heitir Prestagjögur. Að lokum þorði enginn að vera þar prestur, fyrr en sá bauðst til þess er Sigurður hét ungur maður og frækinn. Sat hún lengi um hann, þangað til einn dag, að hún sér, hvar hann fer til hjalls síns að sækja fiskæti, að hann gengur fram hjá Prestagjögri. Steðjaði hún þá að honum, kreppir hann að gjögrinu og vill taka hann. Rann hann þá skeiðið að gjögrinu, og stökk yfir, eins og skáldið kveður:

„Hafði sig á há loft  
og hinum megin  
hann kom niður  
fjöri feginn”

„Vel stokkið, hefirðu ekki verið svona hræddur”

„Stökktu á eftir, ef þú ert óhrædd við það,” mælti hann. En hún áræddi það ekki, og krækti fyrir gjána en prestur komst í kirkju og hringdi kirkjuklukkunni. Var Kolfreyja þá á vesturhorni túngarðsins, og varð henni svo bylt við hringinguna, að hún spynti hluta úr garðinum, tafðist hún við og mælti um, svo sem fleiri gerðu, að sá hluti garðsins skyldi aldrei standa, og rættist það.

*Sagnapættir II bindi bls. 67 höf Vigfús Kristjánsson frá Hafnarnesi.  
Steindórsprent 1945*

## KOLFREYJA Á KOLFREYJUSTAÐ

Kolfreyja á Kolfreyjustað  
kreppti að presti  
í Prestagjögrið fleygði hún flestum.

Eitt sinn kvendið kom og  
kreppti að presti  
sem í hjallinn sótti nesti

Prestur sá hvað verða vildi  
og vildi ei bíða:  
hann lét því til skarar skríða.

Hafði sig í háa loft og  
hinum megin  
kom hann niður fjöri feginn.

Hver og einn sem hlaupið sér,  
mun hljóta að sanna  
það sé færi mennskra manna.

Ekki Flosi, ekki Héðinn,  
ekki Grettir  
hefði stokkið hér á ettir.

Af því skessan elti prestinn  
ó'n í Tanga,  
varð hún lengri leið að ganga.

Því ekki þorði hún yfir  
gjögrið eftir kalli,  
ólétt komin fast að falli.

Nú var hafin elting ill, svo af  
dró gaman;  
drjúgum með þeim dró þá saman

Prestur komst í kirkju og  
náði í klukkustrenginn  
en hvað hann þuldi það veit enginn.

Kolfreyja þá klukkna hljóð  
úr kirkju heyrði  
í garðinn spyrnti og engu eirði.

“Stattu aldrei aldrei”, sagði  
hún „upp frá þessu”  
stökk í burt og beið ei messu

Vesturholtið valt um koll af  
völdum skessu  
og stendur aldrei upp frá þessu.

Svo var mikið illskuafl í  
orðum skessu,  
það hrapar oft í miðri messu.

*Höf. Páll Ólafsson frá Kolfreyjustað*

## SKESSAN Í SPARARFJALLI

Svo er sagt að á Kolfreyjustað byggi prestur sá er séra Sigurður hét. Hann var maður snar og léttur á sér. Það er mælt að prestur hafi eitt sinn verið niður í svokallaðri Staðarhöfn og hafi hann verið að hirða um fisk, en sá orðrómur lék á að skessa ein byggi í Spararfjallinu og þóttust menn verða varir við hana.

Séra Sigurður sér nú hvar skessan kemur og skilur hann að hún muni vilja ná sér og tekur til fóta og snýr til bæja og rennur hún á eftir svo að hvergi dró sundur né saman, þar til er gjögur eitt skerst inn í landið milli hafnar og bæjar, þá rennur prestur yfir gjögríð, en skessan sem var ólétt stendur við barminn og segir: „Þungar gjörast nú barnamæðurnar” og varð hún að krækja upp fyrir, en það dró baggamuninn svo að prestur var kominn í kirkjuna þegar hún var komin á vegginn. Tekur þá prestur í klukkurnar og hringir, en skessan stendur við kirkjugarðinn og segir: „Stattu aldrei samur” og þykir sóknarbúum það hafa ræzt til vel. En upp frá því varð enginn var við skessuna.

*Þjóðsögur Jóns Árnasonar III bls 221*

\* Sigrún Haraldsdóttir Jónassonar, prests á Kolfreyjustað, segist alltaf hafa heyrt að tröllskessan í áðurnefndri sögu hafi verið tröllskessan Spör, sem bjó í Spararfjalli. Að hennar sögn má sjá móta fyrir Spör í fjallinu. Frá Kolfreyjustað séð sem brúnan stóran klett, líkan andliti.

*Samtal Alberts Eiríkssonar við Sigrúnu Haraldsdóttur í janúar 2003*

\* Björn Daníelsson kennari og fræðapulur sagði Þorleifi að það hafi verið skessan Spör sem elti Sigurð. Hún hafi verið ólétt og ekki lagt í að stökkva sökum þunga síns. Eftir Spör heitir Spararfjall.

*Úr viðtali í Morgunblaðinu 29. október 1967 við sr. Þorleif K. Kristmundsson á Kolfreyjustað. Höf -vig*

## TRÖLLSKESSAN SPÖR

Haft er eftir Birni Daníelsyni að tröllskessan Spör hafi búið í helli einum í Spararfjalli, og af henni ber fjallið nafn sitt. Spör var þeirrar náttúru, að hún var nátttröll annað árið en venjulegt tröll hitt. Stafar þetta af því að annað foreldri hennar var nátttröll, en hitt venjulegt. Þjóðsagan segir svo frá endalokum Sparar:

Það var eitt sinn á jólanótt að Spör var í nátttröllu ham. Leitaði hún sér þá mannakjöts og vildi hafa í jólapottinn. Fór hún um allan Fáskrúðsfjörð og allan Reyðarfjörð, en varð hvergi neitt til fanga, því allir íbúar beggja sveitanna voru í kirkju, svo sem vera bar, Fáskrúðsfirðingar á Kolfreyjustað, en Reyðfirðingar á Hólumum. Spör gætti sín ekki sem skyldi, í ofurkappinu í leitinni að sætum bita í jólapottinn, og hélt áfram fram undir dagmál. Hefir fólk sjálfsagt orðið hennar vart og hvergi farið úr kirkjum sínum. En er svo er langt liðið á nóttina hyggst hún flýta sér heim til hellis síns. Nær hún þá aðeins upp undir fjallsbrúnina, er sól rennur á hana og varð hún við það að steini.”

*Úr viðtali í Morgunblaðinu 10. nóvember 1967 við sr. Þorleif K. Kristmundsson á Kolfreyjustað. Höf -vig*

## UM VÖTT OG KOLFREYJU

Á utanverðu Reyðarfjalli er nes það, er Vattarnes kallast. Það er mál manna, að Vöttur sá, er nesið dregur nafn af, hafi þar fyrstur land numið. Næsti bær við Vattarnes, Fáskrúðsfjarðarmegin heitir að Kolfreyjustað; þar tók byggð Kolfreyja hin gamla í þann tíð er Vöttur nam nesið. Hún

var kona margskunnandi, forvitra og framsýn, en ekki einhöm talin. Fram undan nesinu var fiskisælt mjög og fjölsótt veiðistöð; var það vandi Kolfreyju að róa til fiskjar ein síns liðs á nökkva einum stórum. Vel var þeim til vina Vetti og Kolfreyju og hjeldu einatt saman á sjó. Það var einn dag sem optar að fjöldi báta bæði úr Reyðarfirði og Fáskrúðsfirði höfðu róið út fyrir Vattarnes og lágu þar að handdorgi. Þau Vöttur og Kolfreyja voru líka róin, og var sem jafnan skammt á milli skipa þeirra. Um daginn, er sem hæst stendur veiðin, kallar Kolfreyja á skip til Vattar og segir: „Hafðu upp, Vöttur vinur; ský dregur á Skúmhött“ 1) Vöttur fer að ráðum hennar, og varla hefur hann dregið upp færi sitt og er seztur undir árar, þá skellur á ofsaveður af landi; gjörir brátt sjógang harðan, svo að hann fær varla varið bátinn ágjöf. Kolfreyja kallar til hans og biður hann róa í kjölfar sitt. Vöttur gjörir svo, og biður hún þar til hann hefur náð nökkvanum. Kolfreyja leggst nú á árar og gekk nökkvinn sem í logni væri; en vöttur mátti hafa sig allan við að stýra bát sínum í farinu. Svo réri Kolfreyja mikinn, að allt skinn var gengið úr lófum henni er að landi kom, enda voru þau hin einu sem komust lífs af þeirra manna, er á sjó voru um daginn. Svo sagði Kolfreyja sjálf frá um róður sinn: „Fyrst reri jeg hnattör, svo reri jeg brattvör, (rjetti jeg annan og kreppti jeg hinn 2); sá jeg aldrei 12 karla betur róa“. Vöttur sendi Kolfreyju vænt sauðareyfi í launaskyni fyrir lífgjöfina; skyldi hún hafa það í sjóvetlinga handa sjer. En næst er fundum þeirra bar saman, sagði Kolfreyja: „Kort er efnið, Vöttur vinur, það vantaði í alla þumla“. Aðrir segja, að hann hafi gefið henni 12 álnir vaðmáls.

1) *Fjall inn af Sandvík.*

2) *Aðrir: „Reis jeg við og rykkti aptur úr“*

*Úr Sagnakveri dr. Björns Bjarnasonar frá Viðfirði*

\* „Utan við túnið gengur svonefndur Kumlatangi í sjófram og út af honum er Kumlasker. Segir Björn (Daníelsson) (að það sé steinnökkvi Kolfreyju hálftröls og hafi hún þar hvolfst honum yfir sig er hún fann endadægur sitt nálgast.“

*Úr viðtali í Morgunblaðinu 29. október 1967  
við sr. Þorleif K. Kristmundsson á Kolfreyjustað. Höf -vig*

## FRÁ VETTI OG SKRÚÐSBÓNDA

Úti fyrir Fáskrúðsfirði vestanvert er eyja há og sæbrött er nefnist Skríður eða Fáskrúður, og dregur fjörðurinn nafn af henni. Hellir einn mikill gengur inn í bjargið þeim megin á eyinni, er að landi veit, og er það trú manna, að þar hafi lengi búið tröllkarl. Var hann nefndur Skríðsbóndi og þótti góðvættur mikill; einkum hjálpaði hann opt sjómönnum, er leita urðu hælis undir Skríð í veðrum. Mælt er, að þeir hafi verið þrír bræður og rjeði sinni eyinni hver, Grímsey, Papey og Skríð. Höfðu vinir Skríðsbónda það eptir honum, að hann þættist minnstur fyrir sjer þeirra bræðra og mennskastur í eðli. Enda gat hann ekki fengið af sjer að leita ást við tröllbornar meyjar, heldur nam hann burtu prestdóttur eina frá Hólum í Reyðarfirði.

Þeim Vetti og Skríðsbónda var vel til vana. Sóttu þeir heimboð hvor að öðrum og skiptust gjöfum á. Lítt var Vetti kunnugt um átrúnað eyjarskeggja og kom honum því til hugar að beita hann brögðum nokkrum og sjá, hvers hann yrði vísari. Eitt sinn er Skríðsbóndi skyldi sækja heimboð að Vetti, ljet hann hringja á móti honum kirkjuklukkum frá skeri einu niðrundan bænum; heitir það síðan Klukkusker.

Skríðsbóndi gjörðist nokkuð þungbrýnn við, en ljet þó ekkert neitt á neinu bera og hjelt til boðsins. Vöttur spurði hann, er hann fylgdi honum til strandar frá boðinu, hvernig honum hafi fallið viðtektirnar. Bóndi eyddi því, en það Vött koma til sín út í ey áður en langt um liði. Vöttur lofaði því, enda þótt hann þættist skilja, að bóndi hugsaði sjer þegjandi þörfina. Nokkru síðar kom Vöttur út í Skríðey. Bauð bóndi hann velkominn og bað hann vera þar um nóttina. Vöttur játti því; þáði hann hinn bezta beina um kvöldið. En er að háttum leið, vísaði bóndi honum til sængur í afhelli einum. Var þar vel og ríkmannlega um búið. Bóndi beið meðan Vöttur afklæddist, skrafaði við hann og var hinn altillegasti. Síðan bauð hann honum góðrar nætur, og bað honum sofnast vel. Vöttur vill nú taka á sig náðir en þá verður honum litið upp og sjer, hvar biturlegt sverð hangir á hárfinum þræði uppi yfir rúminu og veit oddurinn niður. Var ekki annað fyrir að sjá, en að það hlyti að detta þá og þegar. Verður hann nú harla smeykur og vill forða sjer úr rúminu, en svo mikil magnleysi hafði gripið hann, að hann gat hvorki hrært legg nje lið. Liggur hann þarna í angist og óumræðilegri hugarkvöl alla nóttina og kemur ekki dúr á auga. Árla um morguninn kemur bóndi til hans, og var nokkuð kímínleitur. Spyr hann hvernig honum hafi sofnast, en svo mjög var dregið af Vetti, að hann mátti varla mæla. Biður hann bónda með veikum burðum að taka sverðið, er vofi þar yfir höfði sjer. „Sverð? Jeg sje ekkert sverð” sagði bóndi og hló dátt, „nema þú eigir við dordingulsskömmina, sem lafir þarna í loptinu; það er alltaf svoddan ótætis raki hjerna í hellinum”. Vöttur sá

þá, að hann hafði satt að mæla og að þetta höfðu verið sjónhverfingar einar af völdum hellisbúa. Segist Vöttur litlar þakkir kunna honum fyrir næturgreiðann, en bóndi kvað það bara hafa verið lítil þóknun fyrir það, er hann ljet hunda sína gjamma að sjer á skerinu fyrir skömmu. Ekki er þess getið, að í nokkru hafi kólnað vinátta þeirra Vattar og bónda við þessar erjur.

*Úr Sagnakveri dr. Björns Bjarnasonar frá Viðfirði*

\* Sigurður Úlfarsson frá Vattarnesi „ Hér hefur sagnaritara misminnt, hellirinn veit undan landi en ekki þeim megin á Skrúðnum sem veit að landi eins og kemur fram í upphafi sögunnar”

## **KRUMUR, VÉMUNDUR, VÖTTUR OG KOLFREYJA**

[...] Auk þess er Landnáma vitnar að Krumur, er bjó á Hafranesi, og annar maður, er Vémundur hét, hafi fyrstur numið sveitina eru það ennþá munnmæli að Vöttur hafi heitið landnámsmaður, er bjó á Vattarnesi, og ekkja, er Kolfreyja hét, hafi fyrst byggt Kolfreyjustað og hafi þau bæði verið tröllaukin mjög og fjölkunnug.

*Úr Söknarlýsingu Kolfreyjustaðarsóknar 1841 bls 416 e. sr. Ólaf Indriðason*

## **SKRÚÐSBÓNDINN**

Það var almenn trú fyrrum að tröllvættur byggi í Skrúð. Gnúpur þessi er hömrum varinn á allar hliðar og bæði fagur og einkennilegur. Í honum er hellir mikill og vatn í. En innar frá vatninu nær hellirinn geysilangt inn í bergið. Mælt er að sjómenn hafi oft hleypt í land í Skrúð og beðið þar af sér storm, ósjói og óveður í hellinum, en þeir sem áræddu að forvitnast lengst inn í hellinn, sögðu það til, að þeir komust allt inn að járngrindum er lágu um þveran hellinn. En fyrir innan þær járngrindur þóttust menn vissir um að vættur sú byggi er hafði þar aðsetur. En það var jötunn einn mikill og kölluðu menn hann Skrúðsbóndann. Hafði hann góð afskipti af mönnum og var hollvættur sjómönnum og öllum þeim er eigi gerðu á hlut hans.

Þegar fram í sótti leiddist Skrúðsbónda einlífið og þótti það óhagstætt. Þá var kominn prestur að Hólmum í Reyðarfirði. Hann átti unga og fríða

dóttur, mjög efnilega. Þá bar svo til, að sjómenn þóttust sjá Skrúðsbóndann úti fyrir hellisdryum í Skrúð og fundvika höndum til lands og fálma sem gert var stundum við seið. Hann hafði og einhvern formála með. Sumir segja að þá væri helgidagur. Þá gerði háarok. Komust sjómenn naumlega í land. Sýnist þeim þá kvenmaður koma hlaupandi frá Hólum til sævar. Þá skaut Skrúðsbóndinn borðfjöl á sjóinn, og fór hún geysihratt á móti vindi og stefndi að Hólum uns hún var landföst; þá var þar komin prestsdóttirin frá Hólum. Hún hafði horfið á undan blessun án þess að menn tækju strax eftir því. Steig hún út á borðfjölin, og rann hún sem hendirveifa með hana út í Skrúð. Þar tók Skrúðsbóndinn á móti henni og hurfu þau inn í hellinn. En í landi var prestsdóttur leitað vandlega þangað til sjómenn sögðu hvers þeir urðu varir. Sáu menn þá að hún hafði verið hyllt af Skrúðsbóndanum. Voru þau löngum velviljuð sjómönnum síðan. Þegar nokkur ár voru liðin frá hvarfi prestsdóttur urðu sjómenn að hleypa upp undir Skrúð undan stormi. Festu þeir bát sinn og gengu í hellinn og voru þar um nótt. Einn þeirra hét Þorsteinn. Hann var ágætur kvæðamaður. Fengu þeir hann til að skemmta. Hann kvað þá Móriurímur, svo hátt að bergmálaði í hellinum. Þegar hann hafði kveðið nokkur erindi heyrir stórkostleg rödd innan úr hellinum segja: „Nú er konu minni skemmt, en ekki mér”.

Þorsteinn gengur þá innar og kallar:

„Hvað viltu láta kveða, herra?”

Þá svaraði röddin: „Andrarímur þykja mér fínar, en Hallgrímsrímur vil ég ekki”.

Þorsteinn byrjaði þá Andrarímur fornu og kvað eftir mætti.

Þá heyrir stórfelldur hlátur og sagt glaðlega:

„Nú er mér skemmt, en nú er konu minni ekki skemmt. En viltu þiggja graut Steini?”

Hann játar því og gekk inn að járngrindunum. Þá var réttur skaftpottur fram yfir þær, fullur af heitum graut, og sagt:

„Sleiktu þá ausuna mína að kveðskaparlaunum”.

Þeir félagar gerðu sér gott af grautnum og þótti ágæt máltíð. Hvarf þá ausan. Það vissu þeir að þetta gaf prestsdóttirin, kona Skrúðsbóndans, eða hann fyrir hennar hönd. Um morguninn fóru þeir í land og sögðu frá þessu.

Einu sinni tóku sig átján oflátungar saman um það að raska herbergi Skrúðsbónda, og fóru að brjóta járngrindurnar. En þá hleypti Skrúðsbóndi skriðu mikilli úr rjáfri hellisins ofan á þá, og sofa þeir þar til efsta dags.

Það var árla helgan dag að prestur á Hólum kom út í kirkju, að þar stóð líkkista. Þekktist þar prestsdóttirin frá Hólum. Hafði hún dáið af barnsförum. Gerði prestur heiðarlega útför hennar. En á meðan jarðarförin fór fram, sást feikistór risi standa utanvert við kirkjugarðinn grátandi. Síðan fór hann og sást ganga á skíðum út fjörðinn og inn í Skrúðinn.

Hann átti eina dóttur eftir konu sína, fríða mjög. Því er sagt, að eitt sinn er sjómenn voru tepptir í Skrúð, að þá manganði einn þeirra til við hana með þessari vísu:

Hrópa ég hátt í helli inn,  
heyrðu til mín Skrúðsbóndinn:  
Göfugustu gullhlaðslín  
giftu mér, hana dóttur þín.

## TRÖLLIÐ Í FÁSKRÚÐ OG PRESTDÓTTIRIN

Eitt sinn bar það til á Kolfreyjustað í Fáskrúðsfirði að dóttir prestsins hvarf svo enginn vissi og fannst ekki hvar sem leitað var. Nú var hætt leitinni um síðir og liðu nokkur ár að menn vissu ei hvað af henni hafði orðið. En einu sinni vildi svo til að menn voru á sjó og hvessti á þá, en á firði þessum stendur klettur allmikill eða eyja sem kallast Fáskrúður og sem fjörðurinn dregur nafn af. Menn þessir hleyptu upp í eyju þessa. Þegar þeir komu upp í hana nokkuð sjá þeir hellir; þeir ganga þar inn og eru þar um nóttina. Einn þessara manna er Þorsteinn hét var kvæðamaður og fór að kveða í Jesúrímunum, en þegar hann er búinn að kveða nokkur erindi heyrðu þeir að sagt var innar í hellinum: „Nú er konu minni skemmt, en ekki mér” Þorsteinn svarar: „Hvað viltu láta kveða?” Honum er aftur svarað: „Andrímur þykja mér fallegastar”. Þorsteinn fór að kveða úr þeim, en þegar hann er búinn að kveða stundarkorn þá er aftur sagt: „Viltu graut Steini?” Hann játaði því. Þá er rétt í gegnum járngrindur, sem voru innarlega í hellinum, stór ausa með heitum graut. Þetta þótti þeim allgott átu.

Nú líður þar til um morguninn að þeir komast úr eyinni og fóru í land og sögðu frá þessu. Þá þóttust menn vita hvar prestsdóttur mundi vera; en fáum árum seinna einn morgun kom prestur út á Kolfreyjustað; þá stóð líkkista á kirkjugarðinum. Prestur gekk að kistunni og sló hana upp. Þar þekkti hann dóttur sína framliðna og sá líkur til að hún mundi hafa dáið af barnsförum, en á meðan hún var jörðuð stóð tröllkarl utan við kirkjugarðinn grátandi. Þegar búið var að jarða sáu menn hann ganga út að sjó og þóttust sjá hann eins og ganga á skiðum fram í Fáskrúðinn, en síðan hefur ekki orðið vart við hann.

*Þjóðsögur Jóns Árnasonar III: bls 252*

\* „Ég heyrði söguna þannig að eftir Mariukveðskapinn hafi komið ausa með heitum graut og sagt með rómi dimmum, „Nú var konu minni

skemmt, en ekki mér” Síðan spurðu þeir hvað kveða ætti fyrir hann; Andrarímur líka mér best, var svarað” Eftir þann kveðskap kom til þeirra félaga trétrog fullt af spikfeitu sauðakjöti og sama rödd og áður sagði: „Nú er mér skemmt en ekki konu minni””

*Úr bréfi Bergljótar Snorradóttur frá Bæ til Alberts Eiríkssonar, maí 2004*

## TRÖLLIÐ Í SKRÚÐNUM

Einu sinni hvarf prestsdóttir á Hólmum í Reyðarfirði; var hennar leitað um land og lög og fannst hún hvergi. Upp úr firðinum stendur fjallstrókur, er nefndist Skrúður. Þar höfðu sveitarmenn fé sitt til gaungu á haustum og sóktu bak jólum; hafði þá árlega horfið bezti sauðurinn úr fénu, en mistist einkis annars.

Einu sinni um veturvoru skip til fiskjar og náðu ei lendingu sinni, og hleyptu undir klett í Skrúðinum. Skipverjar breyndu skip sínu votir og sjóhraktir, og settust á hillu í klettinum og fóru að kveða Maríu-rímur. Opnaðist þá kleturinn, og kemur út forkunnar stór mannshönd með hring á hverjum fingri, og rauð skarlaksermi að ofan: réttir hún út stórt grautartrog með spónum á manntal, og er sagt inni: „Nú er konu minni skemt, nú er ekki mér skemt.” Þegar skipverjar voru mettir hrestir af heitum grautnum, hvarf trogið inn í klettinn. Daginn eftir komust þeir í land. Árið eftir fór á sömu leið fyrir öðru skipi, sem reri, um sama leyti. Kváðu þeir á klettasyllunni allar Andrarímur. Kom þá út sama höndin með fult trog af feitu og heitu hángikjöti, og heyra þeir þá sagt: „Nú er mér skemt, nú er ekki konu minni skemt”. Komust þeir svo mettir á land, þá veðri slotaði. Liðu svo nokkur ár, þar til Guðmundur biskup var eystra í vísítasíuferð og vígði vötn og brunna og batt hann orminn undir fossinn í Lagarfljóti. Gisti hann að Hólmum. Bað prestur hann að vígja Skrúðinn. Nóttina sömu dreymdi biskup, að maður mikill vexti og skrautbúinn kæmi til sín og segði: „Farðu ekki að vígja Skrúðinn; því ég hefi mikið að flytja og á erfitt með flutninga, enda muntu ekki fleiri ferðir fara, farir þú til bygða minna að gjöra mér mein” Yfirgaf þá biskup vígsluferð sína í Skrúðinn. (eftir húsfrú Sigríði Pálsdóttur í Hraunagerði 1859)

*Þjóðsögur Jóns Árnasonar, fyrsta bindi bls 196*

## ENN UM SKRÚÐSBÓNDA (eptir Gunnhildi Einarsdóttur í Norðfirði)

Drungaldi hjet vinnumaður á Kolfreyjustað. Hann var sjóróðramaður og fiskinn mjög. Hann var og talinn sterkastur og jafnan dró hann sitjandi, hvaða stóðrætti sem á voru, jafnt hákarla sem annað. Eitt sinn sem optar sat Drungaldi að dorgi undir Skrúð. Kom þá svo þungt á færi hans, að hann brá af vanda sínum og reis upp við. Var það spraka svo fönguleg, að ekki varð innbyrð, og réri hann hana því utanborðs inn í Staðarhöfn. Svo var sprakan mikil, að kjalbeinið úr henni nam yfir feræringssnaust. Nóttina eptir dreymir Drungaldi, að Skrúðsbóndinn kemur til hans og segir að nú hefi illa tiltekizt; hafi hann drekið spröku sína, þá er hann hafi alið á bollaleifum sínum og ætlað bróður sínum í Papey. „Tek jeg nú eign mína, nema kjalbeinið skalt þú hafa eptir til merkis um drátt þinn. Skal jeg sjá um, að þú verðir skaðlaus af þessu og fáir spröku í staðinn“. Um morguninn var allt horfið af sprökunni nema kjalbeinið. En daginn eptir veiddi Drungaldi svo stóra spröku undir Skrúð, að slíkar hafa aldrei þekkt fyrir nje síðar.

*Úr Sagnakveri dr. Björns Bjarnasonar frá Viðfirði*

## SKRÚÐSBÓNDINN (Eftir handriti Jónasar Hallgrímssonar í hrs. Bmfj. 27,4to)

[...] „Sagt er, að hann taki alla hornóttu hrúta í hagatoll, sem settir eru í Skrúð, og var það lengi síður Vattarnesbænda að gefa honum einn hrút á ári, því að satt er það, að þeir hverfa fremur öðru fé úr Skrúðnum, því að hornin munu stjaka þeim frá berginu, svo að þeir hrapa í sjóinn, þegar þeir þeir tildra á hillunum“.

*Íslenskar þjóðsögur II. Höf. Ólafur Davíðsson  
útg: Þorsteinn Jónsson MCMXXXIX bls. 269*

## DRAUMUR Í SKRÚÐ

Einu sinni varð maður eptir af bát í Skrúð. Hann gekk á land og lagðist til svefns. Dreymdi hann þá að tveir menn kæmu til sín, annar aldraður, en hinn á unglingsaldri. Honum þótti sá hinn eldri segja við sig: „Óvarlega liggur þú, maður, því að í dag gengur hjer um búrtikin úr Þursaskegginu“.

Maðurinn hrökk upp við orð draummanns og þóttist um leið og hann opnaði augun sjá á bak fjelögum, er þeir hurfu fyrir bergið. Þursaker það, er hjer ræðir um, liggur undir Skrúð, og þótti þar harla reymt í fyrri daga. Er haft eptir Jóni gamla skálda á Berunesi, er kallaður var kraptaskáld, að heldur vildi hann „kveða Skrúð að Hólmahálsi en þoka Þursakeri um þumlung”.

*Úr Sagnakveri dr. Björns Bjarnasonar frá Viðfirði.*

## ÚR SÓKNARLÝSINGU KOLFREYJUSTAÐRASÓKNAR 1845, bls 405:

Allur hellirinn (í Skrúðnum) liggur í vestur og eru veggir hans innanverðir að sunnan og vestan þvergnípt bjarg en að norðanverðu gengur niður frá hvelvingunni, allt fram til miðs, viðbrött skriða mjög lausgrýtt, af bleikum sandsteini. [...] innra í hellinum er býsna draugslegt og dimmt því þar sést engin skíma utan lítil undirbirta þá er menn hafa staðið þar nokkra stund; sést þá fyrsta óglöggt til mænis og umhverfis innan um hellirinn. Þá sýnast tilsýndar innanvert upp yfir skriðunni litlar dyr sem, þegar gengið er upp í skriðuna og skoðað við ljós, er ekki nema grunnur skúti upp í bergið sem glöggt sést til botns í. Þaðan er sprottin sú hégilja að skúti þessi væri dyr á afhelli nokkrum með járngrindum fyrir. Átti þar að byggja bjargbúi nokkur, sem Skrúðsbóndi er kallaður, og fortelja gamlir menn að hann hafi eitt sinn til forna hleypt skriðu þeirri, er fyrr var getið, á 18 menn er hnýsast vildu um byggð hans, og töldu enn margir þá ég hingað kom hættuspil mikið að ganga upp í skriðuna og hnýsast eftir um samkomu hennar við bergið. Þetta hefi ég nú tvívegis gjört með logandi ljósum og sannfærst svo um að enginn afhellir gengur þar inn því skúti sá, er fyrr var nefndur, gengur upp í hvelvinguna laust frá vegg hellirsins en skriðan allsstaðar þétt upp undir bergið, undan því utan og upp undir svo kallað Þórðarbjarg.

*Sr. Ólafur Indriðason*

## KARLINN Á SELNUM

Maður nokkur var uppi á Fáskrúðsfirði. Hann var mesti bjargræðismaður, harðsnúinn og áræðinn svo ærið þótti bregða til fíflirfsku. Einu sinni sem oftast var hann á sjó nærri Skrúð og nokkrir menn með honum. Sjá þeir þá seli marga liggja þar uppi á klöpp og móka í kyrrð og næði. Kemur þeim

saman um það að reyna að slá þá. Biður karl þá að setja sig upp í skerið og leynast þar og taka á móti því sem hann veiði. Þeir gera sem hann biður. Læðist nú karl á tánum þangað til hann er nærri kominn að kobbunum en þá skraplaði steinninn undir fæti hans. Urðu selirnir þá varir við þennan hættulega óvin og byltu sér í sæinn. Þá varð karli svo flemt um að hann sökk mikið og henti sér á grúfu yfir seinasta selinn klovvega og rak sinn fingur í hvort auga hans og hélt sér svo dauðahaldi með höndum og fótum. Kobbi stakk sér með hann hið allra bráðasta. Þótti bátsmönnum nú óvænkast málið fyrir karli og óvænlegt um góðar viðtökur þar neðra. Biðu þeir nú með öndina í hálsinum og gláptu í marflötinn. Gátu sér þess þó til að eigi myndu þeir sjá karl framar.

Allt í einu sjá þeir þá félaga koma upp aftur með allillu samkomulagi, busli og barsmið. Greip þá einn til karls og vildi innbyrða hann. Þá öskraði karl fokvondur: „Ekki mig heldur selinn, selinn fyrst!“ Kræktu þeir þá í kobbna en sumir toguðu í karl og innbyrtu svo báða. Þá slepti karl loksins takinu sem hann hafði náð á selnum og þótti nú allt ganga að óskum. Þeir félagar átöldu hann nokkuð fyrir dirfsku sína og spurðu hvað hann hefði verið að hugsa að ráðast þannig á selinn. „Ég vissi.“ segir karl, „að helvítið mundi þurfa að anda eins og ég“. Varð nú karl nafnkunnur fyrir þetta dirfskufulla áræði sitt. En lítið hafði hann komið við rannsóknnum þar neðra sem vonlegt var enda hafði hann gleymt ásýndinni enda furðu farsællega því nú var það karlinn sem át selinn en eigi selurinn sem át karlinn. Kobbi hefir líklega ætlað að skilja þessari óvætti þar efra sem hann tók hana.

„Sm. Jónas Gíslason í Nesi 1911“

*Íslenskar þjóðsögur og sagnir. Sigfús Sigfússon IV bls 194*

## HAFVÆTTUR Í VATTARNESI

Um 1880 höfðu bændur í Fljótsdalshéraði, einkum af Völlum, félag með sér um fiskveiðar og gerðu út á Vattarnesi í Reyðarfirði. Einn dag, þegar allir menn af tanganum voru á sjó, voru aðeins heima Magnús, formaðurinn, Magnússon úr Heydölum, Guðmundur nokkur Arinbjarnarson og matreiðslukonan, Björg Höskuldsdóttir.

Um kvöldið í glaða tunglsljósi gekk Magnús ofan í Borgarfjöru, lendinguna, á tréskóm, niður frá húsi þeirra. Skyggndist hann um hvort hann sæi bátana. Fjaran er þar allstórgrýtt og grunn flúð ytar að vogvík þessari. Eigi sá Magnús til vermannanna. En í þess stað sýndist honum maður upp við einn stóra steininn og reisa þar borðstóla. Magnús var bráðskarpur sem faðir hans og sá fljótt að hér gat eigi verið að ræða um mann. Hann var

einhuga og athugull, tekur vasabók og blýant, fer allt í kringum þetta og dregur upp mynd af því uns skraplaði steinn undir fæti hans og sá ókunni steypiti sér á kaf. Sagt er að Magnús hafi látið ljósmynda blýantsmynd sína erlendis. Páll skáld Ólafsson getur þessarar vættar í gamanbréfi til kunningja síns á þessa leið:

Klofstuttur með fuglafyt og flenntu gini,  
ekki af mennskra manna kyni.

*Eftir þessari lýsingu var það líkt mardverg.  
Íslenskar þjóðsögur og sagnir IV bls 52 Sigfús Sigfússon*

## FRÁ JÓNI Á BERUNESI

Eitt sinn var Jón að smala út í Vattarnesskriðum þar sem kallaður er Bauluhamar. Einn maður var með Jóni. Þá kom þar að þeim sjódraugur, en þeir tóku til fóta og flúðu heim að Vattarnesi og var Jón fljótari í bæinn og komst í baðstofu, en hinn maðurinn komst í skála út úr bæjardyrum, en gat ekki komið aftur hurðinni, því draugurinn bar að í því og banaði honum þegar. Þá kom Jón að og kvað hann frá sér svo hann gjörði ei meira tjón. Er mælt að Jón hafi sagt síðar að það hafi sér mest til rifja runnið að vita drauginn drepa manninn og geta ekki bjargað honum, því hann var svo móður og utan við sig að ekkert gat að gjört fyrr en hinn var dauður.

Ekki er getið um að Jón hafi gjört illt stórvægilegt með kveðskap sínum eða fjölkynngi, en undarlegur var hann í háttum að því sagt er. Það var einn tíma er Jón átti heima á Berunesi að kunningi hans uppi á Héraði ætlaði að finna hann. Fór hann ofan Þórdalsheiði og út Sléttuströnd; á henni er í einum stað steinn afar mikill og er kallaður Skemmusteinn. Þegar maðurinn fer hjá steininum veit hann ekki fyrr til en Jón kunningi hans kemur þar út úr steininum og heilsar honum vingjarnlega. Maðurinn varð forviða sem nærri má geta; kveðst ekki hafa vænt hans þar, en ætlaði að hitta hann heima á Berunesi (það er ei heldur nema rúmlega bæjarleið í meðallagi). En er hann kom þar kemur Jón innan úr bæ og biður hann að koma inn. Og svo get ég nú ekki sagt meira af Jóni á Berunesi.

*Þjóðsögur Jóns Árnasonar III bls 610*

## ÍMA OG JÓN Á BERUNESI

Jón er maður nefndur, er ég ætla að væri Jónsson; hann ólst upp á Berunesi í Kolfreyjustaðarsókn. Var hann smali og sat yfir kvikfé á sumardag í botnum nokkrum. Þar komst hann í kunningsskap við huldukonu þá er Íma hét; og eru botnarnir síðan kallaðir Ímubotnar.

Þeim varð mjög vel á milli, Ímu og Jóni, og var hún hjá honum daglega og nam hann af henni ýmsan fróðleik, því Jón var námfús og vel hagarður. Íma sagði honum að móðir sín hétí Rispa og væri mjög fjölkunnug, enda ætti hún galdrabók eina er hún hefði mjög miklar mætur á. Jón bað hana að útvega sér bókina til láns, en hún kvað sér mundi veita það örðugt; þó færði hún Jóni bókina litlu síðar og lærði hann á henni margan galdur og vildi aldrei skila henni aftur hversu sem þær mæðgur leituðu eftir því. Leitaði Rispa því jafnan við að drepa Jón, en hann gat ætíð varið sig, stundum með kveðskap og stundum með öðru móti.

Einu sinni er Jón átti heima á Kolmúla, en var þá staddur út á Vattarnesi, kom þar draugur er Rispa sendi honum. Jón rak hann á skip og reri með hann inn að Kolmúla og setti hann niður í svokallað Loppudý fyrir neðan tún á Kolmúla, og bar ekki á honum framar.

Þegar Rispa þóttist verða undir í viðureign þeirra Jóns flutti hún byggð sína yfir fjörðinn og settist að í helli einum, í sjávarhömrum milli Kallskála og Krossaness, og er sá hellir síðan kallaður Ímuhellir. Það bar við einn tíma að Jón var á sjó með fleirum mönnum og þurftu að fara fram hjá hellismunnum; og er kom þar að sagði Jón til hinna: „Sigið nú á, piltar“. Þeir kipptu þá fast í árarnar og rann skipið með flugferð fyrir hellismunnann, en í því kom glóandi fleinn úr hellinum og rétt fyrir aftan skipið. Jón segir þá: „Þetta var mér ætlað, og megið þið nú hægja á ykkur“.

Annar tíma var það að Rispa lagði á Jón að hann skyldi rotna taug frá taug og hár frá hári, hvar sem hann væri á landi þá nótt sem hún til tók. Gríma og Grímusker heitir nærri Berunesi og er aðdjúpt kringum það; tók Jón það til bragðs að hann óð alla nóttina kringum skerið og gat svo forðað lífi sínu, því álögin náðu ekki til hans af því hann var fyrir neðan yfirborð sjávarins. Margar ljótar skepnur kvaðst Jón hafa séð um nóttina. Hann kvað þá visur tvær um skerið og er þetta önnur:

Gamalt sker hún Gríma er,  
gjörð af sjálfum drottni;  
sítur hér, það sjáum vér,  
sjávar föst í botni.

*Þjóðsagnasafn Jóns Árnasonar.*

## JÓN SKÁLDI Í BERUNESI

Jón hét maður er uppi var á 17. öld, sagður Jónsson af flestum mönnum. Þó hafa sumir kallað hann Guðmundsson en hitt mun réttara. Jón bjó bæði í Berunesi og Vattarnesi í Reyðarfirði. Er líklegt að faðir hans hafi heitið Jón Guðmundsson og búið í Berunesi og Jón verið þar fæddur fyrir 1650. Mun þeim feðgum mjög blandað saman í frásögnum.

Jón var skáld mikið og ákvæðinn og þar að auki fjölfróður og hið mesta mikilmenni. Svo er sagt að Jón Guðmundsson kæmist í kunnáttu við álfamey sem Ýma er nefnd, þegar hann var unglingur, er sótti mjög eftir ástum hans og gaf honum galdrabók. En síðar, er Jón vildi eigi þýðast hana, heimti hún bókina og kvað mikið liggja við. Jón kvaðst of mikið hafa af henni numið en of lítið þó til þess að hann gæti þá misst hana því það yrði þá sér til ills eins. Fór Ýma þá frá honum sorgbitin og skildu þau þar sem síðan heita Ýmubotnar. Síðan dreymdi Jón að ókenndur maður kom að honum og bað hann vera varan um sig því það ætti að ná af honum galdrabókinni með valdi, sem Ýma gaf honum. Bað hann Jón vaka við uppgöngu næstu nótt. Kvað hann honum mundi verða auðið að yfirstíga fjandmenn þessa með sinni aðstoð. Kvaðst hann þá mundi verða einn eftir sár mjög og bað Jón muna sig um að styttu þá eyrmarstundir sínar. Í stuttu máli gekk þetta allt eftir sem huldumaðurinn bað og sagði, að Jón gekk af því dauðu til að frelsa líf sitt og hélt svo bókinni og nam hana spjaldanna á milli og þótti nær einskis manns að þreyta við hann kunnáttubrögð síðan. Sumir menn segja nú að það væri Jón skáldi sjálfur sem náði bók þessari og að hann eigi við þetta atriði þar sem hann segir í mansöng einna rímna sinna:

Vissi það guð í vanda miklum  
var ég þá staddur  
er fjórir gerðu fullir klækja  
furðu ljótir að mér sækja.

Það hefir verið almenn sögn að Jón skáldi yrði að sæta mikilli aðsókn af álfum. Einu sinn í svarf þessi aðsúgur svo hart að honum að honum var hvergi fritt á landi. Flúði hann þá í skerflúð er liggur fyrir Beruneslandi, er Gríma eða Grímusker nefnist, og varðist þaðan heilan sólarhring meðan hann kvað af sér óvinina. Þá er mælt hann kvæði meðal annars:

Gamalt sker hún Gríma er,  
gerð af sjálfum drottni;  
situr hún hér, það sjáum vér,  
sævar föst á botni.

[...]

Jón átti ýmsar galdraglettur við aðra nafnkunna galdramenn, svo sem Dalhúsa-Jón og Svínaskála-Pétur, og höfðu þeir engan sigur á honum því þar sem kunnáttan hrökk eigi komu ákvæðin til svo engum varð að góðu að leita á hann. Sendu þeir honum margar sendingar en hann kom þeim öllum fyrir. Eru örnefni víða við það kennd. Sævargata frá Berunesi er bæði löng og brött. Þar er lækjarsíki á leiðinni er kemur úr dalskvompu einni. Einu sinni stefndu óvinir Jóns á hann músavargi svo miklum að honum varð hvergi fritt. Neytti Jón þá kvæðamáttar síns og stefndi þeim öllum í síkið. Heitir það síðan Músaá og dalskvompan Músaárdalur. Í kviðlingi Jóns er þetta meðal annars:

Frá Berunesi er leiðin löng  
að laxa ranni,  
brunnin hár og brekkan ströng  
svo að blöskrar manni.

Músaá heitir vatnið vítt  
á veginum langa;  
fákar synda furðu títt  
í flóði spanga. (yfir flóðið stranga)

Eitt kvöld bar svo til að vinnumaður Jóns kom hlaupandi í baðstofu nær því sprunginn og stundur tættur og kvað elta sig sjóskrímsli og datt dauður niður. Jón snaraðist út sem kólfi skyti, rak aftur hurðir á eftir sér og bað engan dirfast að forvitnast um sig. Kom hann inn undir morguninn og kvað þetta skrímsli mundi eigi granda fleirum af mönnum sínum. Jón hefir þótt bæði forn í skapi og mjög mikill fyrir sér og nokkuð harðskiptinn ef á hann var leitað. Einu sinni komst það svo langt að hann lenti undir mannahendur. Dæmdi Jón, sýslumaður Norðmýlinga, sonur Þorláks biskups, hann til hýðingar á Djúpavogi. Hét Alexander böðullinn. Þegar hann reiddi vöndinn að Jóni snerist hann við Alexander, hvessti á hann augun og kvað:

Alexander fjölfundinn,  
forblindur í syndum,  
vill granda grályndur  
Gauts kundur, loðhundur.

Tryggð reynda mér mundu,  
máls bending samhenda.  
Hér stand þú blýbundinn!  
Ber vönd á tveim höndum!

Alexander brá svo við kviðlinginn að hann varð stirður sem tré og stóð með uppreiddan vöndinn og varð aldrei jafngóður. Þá varð sýslumaður hræddur ásamt öllum öðrum. Bauð hann að sleppa Jóni og varð eigi meira af hegningunni. Hafði Jón skáldi þóst ranglega dæmdur. Slóst hann í för með sýslumanni, ljóðaði á hann og kvað:

Átján rastir undir svörð  
allur hvarfi þér friður!  
Fimmtán palla í fúna jörð  
fjandinn dragi þig niður!

Þá sprakk sundur jörðin fyrir framan sýslumann og sýndist honum hún ætla að gleypa sig með hestinum. Bað hann Jón taka af ákvæðin í allra kraftanna nafni. Kvað Jón þá þrjár stökur sem gleymdar eru og voru þeir Jón vinir upp frá því. Er mælt að Jón kvæði fyrir hann Trójumannarímur. Eftir hann eru einnig Úlfarsrímur sterka og fleiri. Jón kvað eitt sinn þessa vísu um preláta á Djúpavogi:

Hvella þeytir þrumgöllu  
þembar, líkur hafstramb.  
Þá tekur af gumum glott.  
Slattar í þá þjór þróttar  
þétt klappar hverri stétt,  
einkum þá úti er vott.  
Festi að sér flagðs gusti  
Fullu banda hýra strind;  
en hátt er ei góna gott,  
hyggja sér hundar leggi  
hupp þótt festi langt upp;  
því veit ég það er (ei) gott.

Má vera að þessi vísa hafi verið orsök til hýðingarinnar er áður var getið og ekki varð af.

Eftir að Algeirsmenn eða Tyrkir rændu forðum eystra þóttust menn oft verða varir við sjóræningja og kölluðu þá jafnan Tyrki. Þegar Jón var orðinn gamall og nærri blindur kom þessháttar skip inn í Reyðarfjörð. Var þá leitað ráða Jóns. Hann lét leiða sig út og bena fingri sínum á skipið og kvað:

Hátt ber segl við húna,  
hefir strengi knúna,  
krullað er hár og krúna,  
krotaða hvarma túna,

heiðna Tyrkja trúna;  
tapað hygg ég frúna.  
Séð hef ég risting rúna,  
mig rankar til þess núna.

Setjist að því arður,  
ógn og skerjagarður,  
stormur og hafis harður,  
hann sé með því barður;  
sem músarhausinn marður  
merjist vonsku arður.  
Íslands vega varður  
verði þér allur skarður.

Við þetta brá svo að skipið hringserist þarna og sökk með allri áhöfn. Er sagt að eigi sæist af því tangur né tötur nema ein tunna sem rak á land full af handa- og fótajárnum.

Jón dó gamall á Berunesi hjá börnum sínum. Hans son var Hemingur að Kolmúla, faðir Jóns, föður Davíðs í Hellisfirði, föður Ingunnar að Skeggjastöðum. Frá Hemingi er og Hemingsætt á Völlum.

„Sögumenn Jón Sigurðsson í Njarðvík, Gunnar Gíslason, nú í Ameríku, og fleiri, svo sem margir afkomendur Jóns og Austfirðinga ýmsra.”

*Íslenskar þjóðsögur og sagnir V bls 64. Sigfús Sigfússon*

## ÞORSTEINN Í BERUNESI OG SKRÍMSLIÐ

Þorsteinn hét maður Jónsson og ættaður frá Jóni skálda í Berunesi. Þorsteinn bjó í Berunesi í Reyðarfirði seint á 19. öldinni og var knár maður, drenglyndur, geðlipur og sannorður og vel virður. Honum samtiða bjó í Vattarnesi Þórður Eiríksson sonur Sögu-Guðmundar.

Þorsteinn lést trúlaus á kynjaverur og vættir og er mælt hann þrætti fyrir þess háttar. En er hann var orðinn allroskinn maður þá var hann sannfærður um allt annað og liggja til þess þau drög er hér skal greina.

Svo bar til að hann fór með vinnumanni er hann hélt er Þórður hét, kallaður skellilögmál, (nafnkunnur einfeldningur) úr suðurströnd Reyðarfjarðar í Vattarnes til Þórðar því þeir voru góðir kunningjar. Þórður skellilögmál fór heim á undan Þorsteini. Þegar Þorsteinn fór úr Vattarnesi gekk Þórður bóndi á veg með honum og segir við hann: „Mundu mig um það að fara fyrir ofan Kaplahryggsfjöruna, vinur, því þar slæðist oft ýmislegt skrytið

á land". Þorsteinn játta því en tómlega og skilja þeir. Maður nokkur beið Þorsteins í Þernunesi er var sammæltur við hann. Þegar þar kom var maðurinn eigi tilbúinn og beið Þorsteinn hans fram í úthall. En þá snerist hann til ferðar. Var hann lattur að fara því rigningarrosi var á og hafólga nokkur. En þegar eigi dugði að letja hann sögðu menn að úr því hann vildi endilega hætta á það að fara þá vildu þeir ráðleggja honum að forðast sem mest Kaplahryggsfjöruna sem Þórður hafði varað hann við áður. Báðu menn hann fara þar sem lengst fyrir ofan „því löngum læðast sæskrímsli á land í rosum og séu þau þá ekki þar þá eru þau hvergi", sögðu menn. Tilfærðu þeir ýms söguleg dæmi. Þorsteinn tók þessu já og svo og hló að því. Síðan kvaddi hann og fór leið sína.

Segir nú ekkert af ferð hans fyrr en hann kom á sandinn í víkinni hjá Kaplahryggunum milli Þernuness og Beruness fullviss um það eitt að verða einskis var. En sú víska brást honum nú því nú sér hann ókennt dýr á stærð við vetrungsnaút koma úr sjónum og fara á veginn fyrir honum. Honum sýnist þetta dýr hafa hlutfallslega stuttan og snubbóttan haus og (hann) eigi vera digrari en hálsinn ef háls var eiginlega nokkur. En svo var myrkt að hann sá þetta ógerla. Hann vissi nú að þetta dýr var úr sæ og eitt þeirra er kölluð eru skrímsli. Það æddi þegar að honum með mikilli grimmd. Hann hafði prik í hendi og laust dýrið með því svo fast að prikið hrökk í sundur. Hljóp hann þá á brekkuna svo hart sem getur. En skammt er hann kominn upp í bakkann þegar skrímslið nær honum og snakar við honum líkt því er mannýg naút gera. Sýnist honum þó það hafa öll rándýrseinkenni, klær og vígtennur og það fram yfir að það var allt hulið þéttri skeljarögg. Reif nú skrímslið og tutlaði sundur yfirhöfn hans. Hann snarast þá undan og fleygir sér úr henni og kastar henni í skrímslið og tekur til fóta. En bráðlega nær skrímslið honum aftur og ræður á hann en hann flýr undan og kastar fati eftir fat. Tafði það skrímslið að rífa þau í sundur. Lauk þessum ófagra leik þannig að Þorsteinn hafði undan á hlaupi heim í Þernunes. Gat hann skotist í bæinn orðinn nærri nakinn af því gleymt hafði verið að loka honum. Keyrði hann hurð í lás í dauðans ofboði. En svo var mikill grimmdaræsingur í skrímslinu að það hentist á hurðina svo fast að það brothljóðaði í henni. Þorsteinn hljóp í baðstofu og þóttist eiga fótum fjör að launa. Var hann útmáttaður af þreytu og marinn eftir skrímsli þetta. Var hann lengi fálátur áður hann sagði frá þessu. Og jafnan síðan vildi hann lítið um þetta tala en sagði þó að aldrei skyldi hann frammar þræta fyrir það að til væru sæskrímsli. Og vinum sínum sagði hann sögur þessa, þar á meðal Ingibjörgu Eyjólfsdóttur, Þórðarsonar á Finnsstöðum, móður Ingunnar, móður Sigurveigar konur Sveins Bóassonar að Stuðlum í Reyðarfirði er þetta er skráð eftir 1909 (þá) kaupakonu að Útnyrðingsstöðum á Völlum.

Þorsteinn hafði síðar sagt að þeir væru stundum stórir Þernunessauðirnir þar meðfram sjónum og svo hefði sér þótt í þetta skipti.

Þótt þetta skrímsli virðist alllíkt fjörulabba þá verður eigi sagt með vissu að það hafi verið hann vegna skeljadúðans og grimmdar. -Ef til vill er eitthvað athugavert við staðina í þessari sögu.

Þegar Þorsteinn var orðinn gamall hafði hann verið drukinn í nokkra daga og eftir sig nokkuð. Þá bar svo til að hann horfði fast og lengi út um glugga. En er hann hætti því var hann orðinn truflaður og var það síðan nokkurn tíma. Þótti mörgum miður um það því hann þótti merkur maður og góður drengur. Batnaði honum eftir nokkurn tíma. Hann lifði nokkurn tíma blindur síðast. Bróðir hans var Sigurður á Eyri. Synir hans voru þeir Sigurður í Berunesi og Jón.

„Þessi síðasta sögn er tekin eftir Sigríði í Hjarðarholti í Seyðisfirði. Faðir Þorsteins, Jón, og faðir Sigríðar, Eiríkur, voru bræður. Sá Eiríkur var svo sterkur maður að almæli var það að hann hefði leikið að því að bera lýsistunnur á löggunum. Hann var góðlegur maður og stilltur en ærið dulur. Hann dó að Víkingsstöðum á Völlum hjá Jóni Ívarssyni um 1900. Skr. 1909” - Í Þjóðs. V, 113 er getið annarra heimildar.

Íslenskar þjóðsögur og sagnir IV bls 127. Sigfús Sigfússon

## HJÓNIN Á ÖRNÓLFSSKARÐI

Örnólfsskarð heitir fjallvegur milli Reyðarfjarðar og Fáskrúðsfjarðar. Liggur vegurinn gegnum skarð þetta. Norðaustan við skarðið eru steindrangar tveir og hallast álotnir hvor að öðrum eins og þeir ætli að fara að hvíslast á eða kyssast. Drangar þessir eru nátttröll eða hjón. Þau voru eitt sinn í fyrndinni á ferð þarna en varð það á að verða of sein svo þau sáu dagsbrún í austri. Þá varð þeim bilt við, litu þau hvort til annars og urðu þegar að steindröngum þessum.

„skr. 1887. sögn Úlfssstaðasystr.”

Íslenskar þjóðsögur og sagnir III bls. 297 Sigfús Sigfússon

## GVÖNDARSTEINN OG GVÖNDARKIRKJA

Milli Fáskrúðsfjarðar og Reyðarfjarðar er fjallvegur sem Staðarskarð heitir. Reyðarfjarðarmegin á því eru steinar stórir og þótti þar reimt til forna. Fundust oft menn þeir sem þessa leið fóru annaðhvort lerkaðir eða dauðir hjá þessum steinum.

Einhvurn tíma þegar Guðmundur Biskup Arason, sem kallaður var góði, var á ferð um Austfirði fór hann um þennan veg. Messaði hann hjá fyrrnefndum steinum og dreifði vígðu vatni þar allt um kring og sagði

þar mundi öllum óhætt að fara, og hefur það orðið að sannindum, að þar hefur engan mann sakað síðan; og endar svo þessa frásögu.

*Þjóðsögur Jóns Árnasonar III bls 217*

## KERLINGARFÓTUR

Utarlega við bæjarlækinn á Kolfreyjustað var áður fyrr ákaflega stórpýft og heitir þar Kerlingarfótur. Þar átti sá atburður að hafa skeð, þá er Tyrkir rændu hér 1627, að þeir höfðu höggvið fæturna undan kerlingu nokkurri, en henni náðu þeir einni manna á bænum, því allir aðrir höfðu flúið á fjöll. En því hjuggu þeir af henni fæturna, að hún sparn við svo hart, að þeir fengu ekki dregið hana til skips. Því má við bæta að Kolfreyjustaður var austasti bærinn sem Tyrkir rændu á landi hér 1627.

*Úr viðtali í Morgunblaðinu 29. október 1967  
við sr. Þorleif K. Kristmundsson á Kolfreyjustað. Höf -vig.*

## SKESSUHURÐ

„Utanvið Höfðahúsáróserhvammur, sem kallaðurer Höfðahúsárhvammur, hann tilheyrði Höfðahúsum, meðan áin rann fyrir utan hann, og í gamla daga réði áin landamerkjum. Í hvamminum byggði Stefán á H[öfða]h[úsum] nýtt timburhús um 1900, sem brann. Þar er B[ergkvist] fæddur. Fyrir mörgum árum síðan bjó þar maður sem Ásmundur hét Finnbogason. Hann fórst frá konu og mörgum börnum um 1910-22 (Fyrir utan hvamminn tekur við Höfðinn, hár og mikill klettur. Vestan í Höfðanum er einkennilegt berg, sem kallað var Skessuhurð. Sagt var, að skessan opnaði hurð þessa á 10 ára fresti að gå til veðurs). Sömu nótt reis Stefán á Höfðahúsum á fætur, leit á loftvog og sá, að hún var fallin 4 stig. Fór hann þá til Ásmundar að láta vita, en Ásmundur var róinn, og aðeins hvalbeinin eftir í fjörunni”

Í örnefnaskrá Árnagerðis og Lækjamóta stendur m.a.:

„Skessuhurð (6) er sérkennilegur, flatur klettur, mjög sléttur. Hún er áföst við Höfðann og gengur í sjó fram. Í örnefnaskrá Höfðahúsa segir, að sagt sé, að skessan opnaði hurð þessa á 10 ára fresti að gå til veðurs”.

*Úr örnefnaskrá Höfðahúsa, heimildarmaður Bergkvist Stefánsson (f. 1903)*

\* Viðar Sigurbjörnsson f. 1934, ólst upp á Höfðahúsum, heyrði söguna þannig að skessan Spör hafi komið úr Spararfjalli hafi farið inn þar sem Skessuhurð er, skellt á eftir sér og aldrei komið út aftur.

*Samtal við Albert Eiríksson í júní 2004*

## ÁRVÍKUR-BLESI

Það hefir lengi verið sterk trú í Fáskrúðsfirði og jafnvel Reyðarfirði að þar gengi nykur iðulega á land sem Árvík er nefnd af allstrangri og þröngri þverá er fellur í sæ á milli bæjanna Brimness og Kappeyrar. Sá nykur sýndist að hafa stóra blesu framan í miðju enni sem mætti ætla að væri hans eina auga. En af þessu er hann kallaður Árvíkur-Blesi. Hann sýndi sig sem gráan hest gæfan og búinn til reiðar vegfarendum. En menn vörðust hann jafnan. Fóru af honum margar slungnar sögur.

Maður er nefndur Sigurður Jóseppson, nærri miðaldra sjómaður, röskur og óbilgjarn. Hann kom eitt sinn hreifur af víni að Gilsá í víkinni gangandi en hún valt þá fram í hroðavexti alófær. „Ég verð að komast yfir“, hugsar hann og sýpur (á) flösku og litast um skjálfandi. „En þarna er þá grár klár langur og digur með blesu í enni. Hver skyldi eiga hann? Ég læt hann hafa það, hann er nógu slembilegur“. Hann sveiflast á bak og slær Blesa með staf sínum; hann hendist út í og þegar á kaf. Var þar djúpt og rýtt fyrir en eigi breitt. Kemur Blesi fljótt úr kafi við hitt landið en vill aftur niður en Sigurður getur þínt hann að landi og kemst holdvotur á land sótbölvandi og ærið reiður. Snýr hann sér þar að Blesa og slær hann af alefli. En hann sökti sér og var þegar alveg horfinn. Þegar Sigurður kom til manna sagði hann sína sögu ámælandi klárnum. Sögðu menn að þar hefði verið Árvíkur-Blesi.

*Íslenskar þjóðsögur og sagnir IV bls 99 Sigfús Sigfússon*

\* Árvík er í dag kölluð Árhöfn og nykurinn nefndur Árhafnar-Blesi

## SJÁVARDÝR VELDUR USLA Í ARAGERÐI

Í Aragerði í Fáskrúðsfirði bjuggu á árum áður hjón með börn sín. Í febrúarmánuði eitt árið, í miklum snjó, urðu þau vör við sjávardýr sem gekk í kringum húsið. Daginn eftir sáust spor þess greinilega í snjónum. Í febrúarmánuði árið eftir kom dýrið aftur, gekk í kringum húsið og olli í bæði skiptin mikilli hræðslu heimilisfólks. Áður en febrúar kom þriðja árið

flutti fjölskyldan burt af jörðinni. En dýrið kom í sama mánuði og árin tvö á undan og jafnaði í það skipti húsið við jörðu. Það var trú fólks að sjávardýr óttuðust bæði ljós og vélahljóð báta. Því mun hafa dregið verulega úr landgöngu slíkra dýra eftir að mótorbátar urðu svo almennir.

*Kristín Þórarinsdóttir, Draumaland í samtali við Albert Eiríksson í júlí 2004*

\* Sigrún Steinsdóttir f. 1936 heyrði afa sinn segja söguna þannig að maður nokkur hefði gengið inn Suðurbyggðina og er hann nálgast botn fjarðarins varð hann þess var að honum var veitt eftirför af dýri. Það náði honum og reif utan af manninum fötin. Hann komst undan við illan leik inn í Aragerði. Fólkið á bænum sá loppur dýrsins er það kom upp á gluggann.

*Samtal við Albert Eiríksson, júlí 2004*

## ÁFLOG BÓNDA OG SELS

Bóndi nokkur bjó fyrir all löngu síðan að Sævarenda í Fáskrúðfirði eystra. Svo bar til að hann fór heiman á páskadagsmorgun. Hafði hann búið sig vel því hann ætlaði að vera við Kolfreyjustaðarkirkju um daginn. Var hann skrautgjarn og hafði fagran brjóstadúk. Heldur hann nú sem leið liggur eftir leirum þeim sem liggja fyrir fjarðarbotninum og er að hugsa um sín andlegu efni. En þá verður honum litið við og sér hvar feiknastór blöðruselur liggur uppi vel rólegur því veður var gott. Hefir hann ef til vill orðið áskynja um þann helgifyrið sem ríkti á meðal mannanna. „Ekki á selurinn sá arna að taka neina hlutdeild í helgi þessa dags,” hugsar bóndi. „Það er eins og hann sé að bjóða manni þarna birginn. Það væri skýtið af mér að neita mér um slíkan forða fyrir líkamann þegar ég er að leita hressingar fyrir sáluna. Holdið þarf líka síns með” Þegar bóndi hefur litið íhugað þetta litast hann um eftir barefli og sér hvar slóarlaust hrútshorn liggur. Hann grípur það og hleypur að selnum og slær hann rokna högg svo kobbi doðrast nokkuð en raknar þó við á meðan bóndi þreifaði í vasa sinn eftir sjálfskeiðungi sínum. Varð nú kobbi hinn reiðasti og hyggur að launa bónda þessa kærleikslitlu kveðju. Ris hann upp á afturhreifum með gapandi gini og grípur í brjóst bónda svo mikið sem kjafturinn gat ginið yfir, fötin öll inn í bera bringuna. Bóndi brá þá hnífnum á háls kobba svo að í beini stóð og blóð hans fossaði niður um bónda. Kobbi var þó eigi líkt því dauður að heldur. Urðu því harðar sviptingar með þeim og ýmsir undir. En bóndinn notaði þó hníf sinn þangað til kobbi missti máttinn og bóndi

gat alveg sargað hausinn af honum. Stóð hann nú eftir alblóðugur og útmáttaður af þreytu. Og er hann sá hversu hann var orðinn illa útleikinn þá hvarf honum allur hugur frá kirkjuferðinni. Snéri hann því huga sínum frá kristnihaldinu og brá og gekk heim með selshausinn hangandi fastan í bringunni en búkurinn lá þar eftir. Var þá skorið stykki úr fötunum sem selsi hafði ginið yfir.

Síðan var selsskrokkurinn færður heim og hlaut fólkið þar holdlega saðningu í staðinn fyrir andlega saðningu bónda.

„Sm. Jónas Gíslason í Nesi í Loðmf.“

Íslenskar þjóðsögur og sagnir. Sigfús Sigfússon IV bls. 193

## SÆSKRÍMSLI Í VÍKURGERÐI

Í Víkurgerði í Fáskrúðsfirði bjó bóndi einn, nokkuð við aldur, ásamt sonum sínum. Eins og siður var í þá daga var róið til fiskjar. Dag nokkurn var bónda farið að lengja eftir sonum sínum úr róðri, enda orðið áliðið dags. Gengur hann með fjósluktina niður í fjöru og hittir þá þar í aðgerð. Á leiðinni heim verða þeir varir við að þeim er veitt eftirför af sæskrímsli. Svo þeir flýttu för, en það dró saman með þeim. Bóndi bað syni sína að hlaupa heim en hann væri orðinn gamall og lúinn svo það yrði minni skaði af fráfalli hans. Morguninn eftir fannst luktin illa farin og föt bóndans rifin og tætt en ekki sást til bóndans.

Kristín Þórarinsdóttir, Draumaland í samtali við Albert Eiríksson í júlí 2004

## VÍKURSKOTTA

Jón Jónsson, sonur Jóns skálds, var nefndur Jón galdramaður; var hann hagamæltur vel, en illa gerður, því þótt hann væri góðum gáfum gæddur og laglegur, var hann kuklsamur. Jón galdramaður var lengst viðloðandi á Vattarnesi; gekk sú sögn þar eystra, að hann hafi átt að vera trúlofaður huldustúlku og numið af henni galdrakunnáttu sína. Þá segir ennfremur, að Jón hafi svikið stúlku þessa og stolið frá henni galdrakveri. Reiddist stúlkukindin heitrofanum ákaflega og lagði á hann það að hann skyldi grotna lifandi á landi næsta sólarhring. Jóni var ekki ráðfátt, herma sagnirnar. Hann brá sér út í sker rétt utan við tangann og stóð þar í sjó allan sólarhringinn og sakaði ei.

-----

Það var einhverju sinni, er Jón var að flakka, að hann fór um vetrartíma yfir heiðina milli Fáskrúðsfjarðar og Reyðarfjarðar. Höfðu stórhriðar og vonsku veður staðið lengi og þarna á leið sinni yfir heiðina fann Jón þessi stúlku með litlu lífsmarki; hafði hún orðið þar úti. Hafði hún farið þaðan, sem hún var til heimilis og ætlaði að finna ættingja er hún átti. Jón vakti stúlku þessa upp og sendi bóndanum í Vík hana, því Jón var í illdeilum við hann um þessar mundir.

Afturganga þessi gerðist mögnuð mjög, þó eigi fari sögur um það að hún hafi grandað neinu. Hefir það verið talið að hún fylgi Víkinni æ síðan.

*Sagnaþættir 1 bindi bls 57. höf. Vigfús Kristjánsson frá Hafnarnesi.  
Steindórsprent 1945*

## „ÞAÐ ERU EKKI ÆVINLEGA PÁSKAR Í VÍK”

Sturla bóndi Þórarinnsson bjó í Vík í Fáskrúðsfirði. Hann var við góð efni og vel metinn maður í sinni sveit. Einu sinni sem oftár réðst til hans vinnumaður, og kom hann að Vík í kynnisferð og var þar um páskana, sem var eins og allir vita ein af þremur mestu hátíðum ársins og þá venjulega vel skammtað af hangikjöti, pottbrauði og ýmsu fleira góðgæti, jafnvel hjá sumum, sem þess á milli lifðu við sult og seyr. Um krossmessu kemur nú þessi fyrrnefndi vinnumaður að Vík, og áður en langt um leið, hefur hann orð á því við Sturlu, að sér þyki matarvistin hjá honum heldur léleg, þvert á móti því sem hann hafi vænst eftir, er hann réðst þangað. Sturla sagði það væri nýtilkomið, ef ekki væri sæmilega gefið að borða í Vík móts við það, sem annars staðar væri venja, og sjaldan hefðu hjú sín kvartað um sult. Vinnumaður sagði: „Eitthvað var það þó öðruvísi, þegar ég var hérna um páskana”. Bóndi sagði og brosti: „Því trúi ég vel, en það eru ekki ævinlega páskar í Vík”

*Að Vestan - Þjóðsögur og sagnir.  
Sagnaþættir Sigmundar M. Long/kímnisögur, bls 212*

## URÐARKETTIR

Í Hafnarnesklettinum er gjá ein og heitir Hlassgjá; var þar mikið um urðarketti, og þóttu þeir grimmir, svo þeir höfðu það jafnvel til að leggjast á unglömb.

*Sagnaþættir 1 bindi bls. 45 Höf. Vigfús Kristjánsson frá Hafnarnesi.  
Steindórsprent 1945*

## SKÁLA-BRANDUR

Maður er nefndur Antoníus bóndi á Skála á Berufjarðarströnd. Var hann fjáður vel og átti uppkomin börn. Þegar þessi saga hefst, ætlaði Sigurður sonur hans að fara að búa á bæ í Fossárdal, en á þeirri jörð og bænum bjó þá maður að nafni Hróbjartur. Antoníus á Skála átti annaðhvort jörðina eða var að kaupa hana. Hróbjartur vildi ekki standa upp af jörðinni og fór í hart með þeim út af því. Það skeði einhverju sinni, að þeir Antoníus og Hróbjartur hittust á rekafjöru og lenti þeim saman í illdeilum. Nokkru seinna báru þeir feðgar, Antoníus og Sigurður, Hróbjart út af jörðinni. Hét Hróbjartur að launa Antoníusi þótt seinna væri og senda honum sendingu. Antoníus á Skála þótti vissara að vera við öllu búinn og fékk sér draugavarnir, sem hann bar ætíð á sér. Antoníus bóndi á Skála átti frænda og nafna, sem var nefndur Antoníus sterki. Voru þeir svo líkir, að margir tóku misgrip á þeim. Nú vikur sögunni til Hróbjartar, sem talið var, að hefði flutst í Suðursveit, en aðrir segja til Norðfjarðar, eftir að hann hafði verið á hrakningi hingað og þangað með hyski sitt. Það bar við eitt sinn, að frönsk dugga strandaði skammt frá bænum, sem Hróbjartur átti heima á, og týndust menn og skip. Margir fóru á kreik á strandstaðinn, þar á meðal Hróbjartur. Kom hann þar að, er rekin voru lík skipverja. Var eitt líkanna betur búið en hin, og var álitíð, að það væri af skipstjóranum. Það var þannig klætt, að það var í svörtum klæðisfötum með hvítt hálstau og var með stígvélaskó á öðrum fætinum, en hinn skórinn var týndur. Þegar Hróbjartur fór að athuga hann betur, hafði hann gullúr í keðju í vestinu, og tók Hróbjartur úrið. Um leið og hann var að losa úrið af líkinu, fann hann lífsmark með því. Hróbjartur þótti bera vel í veiði, vakti líkið upp og sendi Antoníusi bónda á Skála. Segir nú af ferðum uppvakningsins, að hann kemur í Djúpavogskaupstað og þar að, er menn voru að salta kjöt, þar á meðal Antoníus sterki. Var hann að salta kjöt í stóra ámu. Aðkomumaðurinn, sem var vel búinn, hafði engin orð, heldur rauk á Antoníus, þar sem hann var að salta í ámuna, og ætlaði að fleygja honum niður. Urðu þar hin hörðustu áflog á milli þeirra, og vildi aðkomumaður koma Antoníusi að ámunni, og var sýnilegt, að hann annaðhvort ætlaði að koma Antoníusi í ámuna eða hryggbrjóta hann á henni. Þetta varðist Antoníus, en sætti lagi, þegar hann gat komið aðkomumanni að ámunni, og keyrði hann hálfan ofan í hana, en við það dró af aðkomumanni, sem spurði, hvort það væri ekki Antoníus bóndi á Skála, sem hann ætti við. En Antoníus sterki sagði svo ekki vera og sleppti tókum á honum og spyr hann nafns, sagði þá aðkomumaðurinn: „Brandur er ég nefndur” og rauk á stað í áttina á Skála sem eldibrandur færi, og stóðu eldglæringar af honum. Antoníus sterki þóttist þá vita, að þetta væri draugur, sendur nafna sínum á Skála. Þegar draugurinn kom að Skála, gat hann ekkert

gert Antoníusi bónda vegna draugavarnanna, sem hann bar inn á sér, og fylgdi draugurinn upp frá því Antoníusi og niðjum hans, og var nefndur Skála-Brandur. Ekki gerði draugur þessi Skálabændum, sem hann fylgdi, tjón, sem teljandi var, en þegar þeir Skálabændur og ættmenn voru á ferð, vissu menn ætíð daginn áður, hverjir kæmu, því að ýmiss konar óskundi var gerður á undan þeim.

Þeir, sem skyggnir voru, sáu Skála-Brand og lýstu honum á þann veg, að hann væri á svörtum klæðisfötum með hvítt hálstau.

*Sagnaþættir II bindi bls. 45 höf. Vigfús Kristjánsson frá Hafnarnesi. Steindórsprent 1945*

\* „Jósefína Þórðardóttir (Bína á Búðum) sá ætíð Skála-Brand áður en Gunnar bróðir hannar kom. Sagði hún mér að Brandur væri mjög lítill og mjór og færi minnkandi, enda fylgdu draugar fólki ekki nema í nokkra ættliði. Stundum sagði Bína: „Brandur er kominn í peysu” “

*Úr bréfi Bergljótar Snorradóttur frá Bæ til Alberts Eiríkssonar í maí 2004*

## STJÁNI Í NESINU OG SKÁLA-BRANDUR

Stjáni í Nesinu var hann nefndur. Hann var ættaður af Berufjarðarströnd. Stjáni var meðalmaður á hæð, ákaflega klofstuttur og handleggja langur, hárið skollitt, augun ljósblá. Eitt var það, sem Stjána var vel af guði gefið, að hann hafði góða rödd og söng vel. Stjáni hafði fengið að byggja hús í Hafnarnesi. Húsið var lítið timburhús með lofti, sem sofið var í. .... Stjána í Nesinu fylgdi draugur sá, sem Skála-Brandur er nefndur, og fór hann ekki dult með það, að hann fylgdi sér og var hreykinn af. Þegar Stjáni í Nesinu var á ferð, vissu það allir, hver var væntanlegur daginn áður en hann kom, því að ýmiss konar óskunda varð vart á undan honum.

*Sagnaþættir II bls. 43: Vigfús Kristjánsson frá Hafnarnesi: Steindórsprent 1945*

## HAFMAÐUR FROSINN NIÐUR Á ÍS

Svo er sagt að í Gvendarnesi í Fáskrúðsfirði vissu menn eigi fyrr til eitt haust eða vetur en feiknamikill hafmaður kom inn að baðstofuloftsnöf, var þar lítinn tíma aðgerðarlaus og horfði á fólkið og ljós er var þar og hvarf svo. Hugðu menn að hann hefði gert það af hnýsi.

Það þykir reglulegt ólánsmerki að gera hafmönnum nokkuð illt að fyrra

bragði þegar þeir koma meinlausir á land annaðhvort af forvitni eða þeir flýja úr sæ undan óvinum.

*Íslenskar þjóðsögur og sagnir III bls 10. Sigfús Sigfússon*

## SNÆLAND

Snæland, fyrsta nafn, sem talið er, að norrænir menn gefi Íslandi, upp úr miðri 9. öld. Samkvæmt Sturlubók Landnámu frá síðari hluta 13. aldar (og styðst við sögn Sæmundar fróða), hefur menn á leið frá Noregi til Færeyja rekið vestur „nefna sumir til Naddoð víking“; munu þeir hafa komið í land við Reyðarfjörð; er þeir sigldu brott um haustið „féll snær mikill á fjöll, og fyrir það kölluðu þeir landið Snæland“.

Í Noregssögu Theodoricusar munks frá um 1180 er svipuð sögn, en þar eru mennirnir kallaðir kaupmenn og Naddoður ekki nefndur. Í Styrmissbók og Hauksbók Landnámu er Garðar Svavarsson hins vegar talinn hafa fundið Ísland fyrstur norrænna manna.

*Íslandssaga s-ö bls 49 höf. Einar Laxness*

## NADDODDUR

Naddoddur víkingur ætlaði úr Noregi til Færeyja um árið 860.

„...en þá rak vestur í haf og fundu þar land mikið. Þeir gengu upp í Austfjörðum á fjall eitt hátt og sáu um víða, ef þeir sæi reyki eða nokkur líkindi til þess að landið væri byggt, og sá þeir það ekki. Þeir fóru aftur um haustið til Færeyja; og er þeir sigldu af landinu féll snær mikill á fjöll og fyrir það kölluðu þeir landið Snæland. Þeir lofuðu mjög landið. Þar heitir nú Reyðarfjall í Austfjörðum er þeir höfðu að komið. Svo sagði Sæmundur prestur hinn fróði“ (Landnáma s.34)

*Árbók Ferðafélags Íslands 2002, bls 276 höf. Hjörleifur Guttormsson*

## TAUMUR

[...] Taumur er harðfær hvalur mjög og bátillur; sækir hann á að leggjast undir bátana og stundum þvert og er hann kreppist saman brýtur hann bátana saman tvöfalda; stundum kemur hann langs upp undir þá og hvelfir þeim svo og enn stundum slær hann þá í sundur með sporðinum

eða bitur part úr þeim. Hann er fastur við mið og heiftrækur. [...]  
Taumur sló í sundur bát í Fáskrúðsfirði. Um það segir svo í Tíðavísum:

Fáskrúðs annar firði í  
fiskur granda skipi vann;  
tveir menn sanni þá af því  
þegar anda hrepptu bann.

Maður og kona meiðsla lón  
máttu vaða dauða lífs;  
Stefáns sonu síra Jón  
frá sögum skaða komst þó lífs.

Bóndi einn í sveitinni, er Eiríkur hét, bjarg Jóni presti meðvitundarlausum af öðru flakinu. En hann segja menn að gæfi Eiríki snemmbæru en vildi sem sjaldnast sjá hann. Jón prestur fékk Vallanes 1783. [...]

*Íslenskar þjóðsögur og sagnir. Sigfús Sigfússon IV. bls. 182*

## SKÚTAN KARATLIN

Karatlin er nefnd skúta, sem haldið var út í hákarlasetur um miðja 19. öld. Jón hét skipstjóri, en stýrimaður Höskuldur, sagður harðduglegur og einbeittur, og lét sér því eigi allt fyrir brjósti brenna. Eitt haust á laugardagskvöldi sigldu þeir félagar Karatlin inn á Fáskrúðsfjörð og vörpuðu akkerum. Þjuggust allir skipverjar til landgöngu eftir sjóvolkið. Höskuldur stýrimaður var einn eftir að gæta skipsins. Kváðust skipverjar eigi skyldu lengi vera í landi. Dagur var að kvöldi kominn, en kyrrt og blítt veður. Höskuldur fór niður í káetu, kveikti á olíulampa og fór að lesa í bók. Eftir nokkra bið heyrir hann báti róið að skipshliðinni með miklum hávaða og gauragangi. Hugði hann þá nú strax aftur komna, félaga sína, og ærið ölvaða. Honum heyrir þeir þrefa og þrátta um eitthvað. Síðan heyrir hann þá ganga upp á þilfar. En af því að enginn kemur niður til hans, þá kveikir hann á ljóskeri og hleypur upp til að taka á móti þeim. En þegar upp kom, var ekkert að sjá né heyra og enginn bátur við skipshliðina. Honum varð bilt við, en fer niður, glæðir ljósið og fer aftur að lesa. En í því heyrir hann gengið um þilfarið og farið að hagræða seglum og köðlum hent; þessu næst gengið á spilið með hávaða og orðaskvaldri, er hann skildi eigi. Tvisvar fór hann upp og sá allt með kyrrum kjörum. En einatt þegar hann kom ofan, heyrði hann ólætin svona alla nóttina. Beið hann nú niðri þess að komið yrði til hans. Þegar birti af degi komu skipverjar

úr landi. Sagði Höskuldur þeim fyrirbrigðið, og að sér hefði ekki komið dúr á auga alla nóttina, og kvað þá mundu alla feiga, er á Karatlin væru þá eða yrðu hér eftir, og það væri að þér að segja, að hann færi af henni í dag og yrði aldrei framar á henni, meðan guð gæfi sér lífið. Þeir hlógu og kváðu hann dreymt hafa. Hann bað vini sína ganga af skútunni með sér. En þeir kváðu þetta vitleysu og fylgdi enginn honum af henni. Síðan lagði Karatlin út og kom með heilu og höldnu úr þeirri ferð inn á Seyðisfjörð, því að þaðan var henni haldið út. Þar var hún sett upp og látin standa yfir veturinn.

Þóttust menn þeir, er framhjá henni gengu (einkum á síðkvöldum), heyra ærinn og einkennilegan hávaða í henni, helst ef dimmt var, og fóru af því sögur.

Um vorið sigldi hún út, en kom aldrei inn á Seyðisfjörð aftur. Voru þá á henni allir sömu menn og þá, er fyrirbrigðið varð, nema Höskuldur stýrimaður og Stefán sonum séra Einars Hjörleifssonar í Vallanesi. Aldrei spurðist framar til Karatlin, né neins af þeim, sem á henni voru.

*Skútuöldin 2 höf. Gils Guðmundsson bls 298*